

Vífill Karlsson

Reykjavík græðir –landsbyggðin blæðir enn

Í byrjun árs birti ég grein um efnahagsleg tengsl höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar. Í greininni “Um landfræðilegt misræmi á milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera og afleiðingar þess fyrir landshluta á Íslandi” var gerð grein fyrir rannsókn sem ég vinn að og vísbendingum um að betur mætti fara í viðskiptum Reykjavíkur og landsbyggðarinnar. Þessi skrif vöktu meiri eftirtekt en búist var við. Víða hefur verið vitnað í þau, í fjölda fjölmiðla og jafnvel á hinu háa Alþingi og oftast þannig að kjarni málsins hefur ekki komið nægjanlega vel fram.

Í grein minni eru þrjár niðurstöður reifaðar:

1. Umfang hins opinbera hefur farið vaxandi á Íslandi og vegur mjög þungt í vergri landsframleiðslu í dag.
2. Landfræðileg skekkja virðist einkenna öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns.
3. Margfeldisáhrif verða meiri og útbreiddari af starfsemi hins opinbera ef meira af henni er staðsett utan höfuðborgarsvæðisins.

Síðasta atriðið er kjarni greinar minnar og sú niðurstaða er óháð þeim tveimur fyrri, nema hvað að niðurstöður þeirra undirstrika mikilvægi þess síðasta. Kíkjum nánar á þetta.

Grein mín hefst á þeirri staðreynd að hið opinbera hefur vaxið mjög ört á undanförunum áratugum. Umfangið vex á rúmum 20 árum úr um 35% af vergri landsframleiðslu í tæp 50%. Á þessu tímabili eykst verg landsframleiðsla mjög mikið að raungildi.

Næst eru dregnar fram vísbendingar sem benda til að landfræðilegt ósamræmi sé á milli öflunar og ráðstöfunar opinbers fjármagns, höfuðborgarsvæðinu í hag en landsbyggðinni í óhag, en að þessu hefur athygli flestra beinst. Jafnvel þó menn geti á þessum tímavörðum benti á hugsanlega skekkju í þeim tölum sem kynntar voru sem vísbendingar í grein minni, þá er kjarni málsins sá að Íslendingar hafa byggt upp allan megin þunga opinberrar þjónustu og stjórnsýslu í Reykjavík og nágrenni. Það hefur í marga áratugi dregið taum eins svæðis umfram önnur, vegna þess að með starfsemi hins opinbera er svæðisbundinn hagvöxtur örvaður á höfuðborgarsvæðinu en haminn á öðrum. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að um miðja 20. öld var uppruni landsframleiðslunnar að mestum hluta utan höfuðborgarsvæðisins og á sama tíma var vægi hins opinbera mest á höfuðborgarsvæðinu.

Störf hjá hinu opinbera hafa staðbundin margfeldisáhrif. Staðbundin margfeldisáhrif eru meiri á höfuðborgarsvæðinu heldur en á landsbyggðinni af þeirri einföldu ástæðu að Reykjavík er ekki aðeins höfuðborg heldur einnig og miklu frekar miðstöð viðskipta á Íslandi, innlendra sem erlendra. Af þeirri ástæðu versla fyrirtæki og almenningur á landsbyggðinni meira á höfuðborgarsvæðinu heldur en höfuðborgarbúar gera á landsbyggðinni. Nýlegar skoðanakannanir bæði á Vesturlandi og Austurlandi benda til að nærri önnur hver króna landsbyggðarbúa rati aftur í vasa höfuðborgarbúa en hins

vegar aðeins tíunda hver króna höfuðborgarbúa aftur í vasa landsbyggðarbúa. Af þessum sökum verða meiri margfeldisáhrif á höfuðborgarsvæðinu vegna svæðisbundins hagvaxtar á landsbyggðinni heldur en margfeldisáhrif á landsbyggðinni vegna svæðisbundins hagvaxtar á höfuðborgarsvæðinu.

Kjarni málsins er því sá að þegar tekið er tillit til fjármögnunar, verða höfuðborgarbúar ekki fyrir jafn miklum skaða af staðsetningu eins viðbótarstarfs hjá hinu opinbera á landsbyggðinni og tap landsbyggðarfólks er af staðsetningu þess á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má orða þannig að staðbundinn hagvöxtur dregst ekki eins mikið saman á höfuðborgarsvæðinu ef starf hjá hinu opinbera er staðsett á landsbyggðinni og hann dregst saman á landsbyggðinni ef það er staðsett á höfuðborgarsvæðinu, og veldur því minni landfræðilegri efnahagsröskun. Þegar síðan er haft í huga hvort svæðið hefur verið í vörn og sókn þá virðist manni vera augljóst hver á að styðja hvern í baráttu fyrir tilveru sinni.

Þessi niðurstaða er óháð því á hvort svæðið hallar í öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns. Hún felur það óbeint í sér að ef menn vilja að rekstur hins opinbera komi sem flestum landsmönnum til góða þá staðsetja menn fleiri opinberar stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins, á því hagnast bæði landsbyggðar- og höfuðborgarbúar í ríkara mæli en ef þær væru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan felur það líka óbeint í sér að margfeldisáhrifin verða mest á landsvísu ef starf á vegum hins opinbera er staðsett utan höfuðborgarsvæðisins eins og málum er háttað í dag.

Hafa verður einnig í huga að störfum hins opinbera fylgir stöðugleiki á vinnumarkaði og það er eiginleiki sem atvinnulíf í dreifbýli nýtur í sífellt minni mæli og er að sumra mati ein af megin orsökum búferlaflutninga. Óvissa á vinnumarkaði er talin ein megin orsökum byggðavandans. Þarna erum við trúlega komin að einum af megin kjörnum búferlaflutninganna, en það er efni í aðra grein.

Umrædd grein er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu Calculus ehf. (<http://www.calculus.is>).

Höfundur er dósent við Viðskiptaháskólann Bifröst og ráðgjafi hjá SSV þróun & ráðgjöf.

Greinin birtist í Morgunblaðinu 19.4.2005